

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Velferðarsjóð íslenskra barna sem staðfest var 15. mars 2000, nr. 189.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Fráfarandi stjórn velur nýja stjórn sjóðsins til þriggja ára. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum sem láta sig velferð barna varða.

Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn. Skal hann þá tilnefna nýjan varamann í sinn stað.

Stjórnarmenn tilnefna hver um sig varamann. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin skal skipuð formanni, gjaldkera og ritara. Formaður skal að jafnaði skipaður til þriggja ára í senn. Stjórninni er heimilt að skipta um formann sjóðstjórnar hvenær sem er. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörlu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almanaksár.

9. gr. orðist svo:

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef allir stjórnarmenn samþykkja slíka breytingu og skal hún send sýslumanni til staðfestingar.

Séu stjórnarmenn sammála um að leggja sjóðinn niður skulu þeir leita staðfestingar sýslumanns.

2. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Velferðarsjóð íslenskra barna staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. desember 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.